



Árshlutareikningur Bygðastofnunar janúar-júní 2016

Árshlutareikningur Bygðastofnunar fyrir tímabilið janúar-júní 2016, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 26. ágúst 2016.

Hagnaður tímabilsins nam 45,1 milljón króna. Eiginfjárlutfall í lok júní skv. eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var 21,73% en var 20,56% í lok árs 2015.

Um stofnunina gilda lög um Bygðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Bygðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa. Bygðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Helstu niðurstöður úr árshlutareikningi Bygðastofnunar janúar-júní 2016

- Hagnaður tímabilsins nam 45,1 milljónum króna.
- Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 21,73% en skal að lágmarki vera 8%
- Hreinar vaxtatekjur voru 217,2 milljónir króna eða 51,1% af vaxtatekjum, samanborið við 220,8 milljónir króna (48,9% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur árið 2015.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 224,5 milljónum króna samanborið við 199,1 milljón árið 2015.
- Eignir námu 13.214 milljónum króna og hafa lækkað um 1.203 milljónir frá árslokum 2015. Þar af voru útlán og fullnustueignir 10.668 milljónir.
- Skuldir námu 10.418 milljónum króna og lækkuðu um 1.248 milljónir frá árslokum 2015.

Um árshlutareikninginn

Skýrist hagnaður tímabilsins fyrst og fremst á hærri rekstrartekjum en á sama tímabili 2015..

Horfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er áfram sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl fyrirtækja á landsbyggðinni.

Með bréfi Fjármálaeftirlitsins dagsettu 1. mars 2016 var Bygðastofnun tilkynnt að FME hefði ákveðið að samanlögð krafa um eiginfjáruka sem Bygðastofnun bæri að viðhalda frá og með 1. janúar 2016 væri 1% sveiflujöfnunarauki sem taki gildi 12 mánuðum eftir ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Að auki ber



Bygðastofnun að viðhalda 1% verndunarauka frá 1. janúar 2016 samkvæmt 84. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 84. gr. a sömu laga. Verndunarauki samkvæmt nefndum lagaákvæðum hækkar í áföngum, fyrst í 1.75% hinn 1. júní 2016 og svo í 2.5% hinn 1. janúar 2017. Hinni samanlögðu kröfu skal jafnframt viðhaldið á samstæðugrunni. Miðað við hækkun verndunaraukans 1. júní 2016 og 1. janúar 2017 og gildistöku sveiflujöfnunaraukans 1. mars 2017 verður hin samanlagða krafa að öllu óbreyttu 3,5%.

Eins og að ofan greinir er eiginfjárstaða Bygðastofnunar sterk og því mun hún geta uppfyllt þessa eiginfjárkröfu.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Bygðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu adalsteinn@byggdastofnun.is



Lykiltölur úr árshlutareikningi og samanburður við fyrri ár

	30.06.2016	2015	30.06.2015	2014	30.06.2014	2013
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur						
Vaxtatekjur	425.326	837.787	451.645	813.793	414.984	998.367
Vaxtagjöld	208.151	382.996	230.862	414.371	242.244	561.002
Hreinar vaxtatekjur	<i>217.175</i>	<i>454.791</i>	<i>220.784</i>	<i>399.422</i>	<i>172.741</i>	<i>437.365</i>
Rekstrartekjur	213.738	385.120	179.502	448.940	213.706	559.846
Hreinar rekstrartekjur	<i>430.912</i>	<i>839.911</i>	<i>400.285</i>	<i>848.362</i>	<i>386.446</i>	<i>997.211</i>
Rekstrargjöld	385.829	741.021	363.794	499.145	311.139	808.294
Hagnaður	45.084	98.891	36.491	349.217	75.307	188.917
Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbreyting hlutabréfa	20.130	61.012	-4.301	-117.243	-13.380	50.960
Efnahagsreikningur	30.06.2016	31.12.2015	30.06.2015	31.12.2014	30.06.2014	31.12.2013
Eignir						
Sjóður og kröfur á lánastofnanir	1.352.940	3.081.232	1.664.478	2.062.688	2.393.656	2.421.208
Útlán	10.668.476	10.307.529	10.688.090	10.821.632	11.086.999	11.570.492
Eignahlutir í félagum	1.123.238	947.504	966.761	902.395	910.838	809.599
Aðrar eignir	68.912	80.511	73.209	130.216	114.779	71.009
Eignir samtals	13.213.566	14.416.775	13.392.538	13.916.931	14.506.272	14.872.307
Skuldir og eigið fé						
Lántökur	10.260.559	11.495.402	10.549.834	11.161.775	11.962.190	12.458.421
Aðrar skuldir	157.377	170.826	154.557	103.500	166.336	111.448
Skuldir samtals	10.417.936	11.666.228	10.704.392	11.265.275	12.128.526	12.569.868
Eigið fé	2.795.630	2.750.547	2.688.147	2.651.656	2.377.746	2.302.439
Skuldir og eigið fé samtals	13.213.566	14.416.775	13.392.538	13.916.931	14.506.272	14.872.307
Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings	0	0	16.450	18.807	20.360	22.552
Sjóðstreymi	30.06.2016	2015	30.06.2015	2014	30.06.2014	2013
Handbært fé frá rekstri	77.254	207.394	38.940	556.712	224.716	787.953
Fjárfestingarhreyfingar	-510.014	373.684	212.022	569.609	257.989	324.400
Fjármögnunarhreyfingar	-1.295.531	437.466	-649.171	-1.484.841	-510.256	-904.473
<i>Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé</i>	<i>-1.728.291</i>	<i>1.018.544</i>	<i>-398.210</i>	<i>-358.520</i>	<i>-27.551</i>	<i>207.880</i>
Handbært fé í ársbyrjun	3.081.232	2.062.688	2.062.688	2.421.208	2.421.208	2.213.327
Handbært fé í lok tímabils	1.352.940	3.081.232	1.664.478	2.062.688	2.393.656	2.421.208
Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki	21,73%	21,56%	21,38%	20,20%	16,36%	16,00%

